

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**7. desember 2021**

**Breytingartillaga Sósíalístaflokks Íslands við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022**

**J-1 Tillaga Sósíalístaflokks Íslands um að gera allt skólastarf á vegum borgarinnar gjaldfrjálst með öllu, þ.m.t. frístundaheimilin og máltíðir.**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera öll skólastig á vegum borgarinnar gjaldfrjáls með öllu. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru eftirfarandi; tekjur skóla- og frístundasviðs lækka um samtals 3.092 m.kr. að teknu tilliti til þeirra afslátta sem eru veittir. Utgjöld aukast um 235 m.kr. vegna aukinnar nýtingar í grunnskólum og frístund, útgjöld til sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla aukast um 551 m.kr., samtals eru kostnaðaráhrif 768 m.kr.. Nettóáhrifin nema því samtals 3.878 m.kr og skiptast sem hér segir milli þjónustubátta; leikskólar 1.790 m.kr., grunnskólar 1.089 m.kr. og frístund 1.000 m.kr Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 3.878 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af handbæru fé.

**Greinargerð:**

Gjaldtaka á ekki að fara fram innan veggja skólanna eða frístundaheimila borgarinnar. Börn hafa engar tekjur og ættu ekki að hafa áhyggjur af greiðslu fyrir þjónustu sem borgin býður upp á. Mikilvægt er að öll börn sitji við sama borð óháð efnahag og að skólastarf og frístundaheimili borgarinnar verði með öllu gjaldfrjálst.